

Ný vatnslögn til Vestmannaeyja



Auglýst tillaga um breytingu á
Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035

Sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13. febrúar 2026

Efnisyfirlit

1 Aðdragandi og tilgangur	2
2 Forsendur	2
2.1 Staðhættir	2
2.2 Framkvæmdarlýsing	3
3 Breytingar á aðalskipulagsgögnum	4
3.1 Breytingar á þéttbýlisuppdrætti	4
3.2 Breytingar á greinargerð	6
4 Umhverfismat	8
5 Málsmeðferð	9



Unnið af ráðgjafarfyrtækinu Alta

www.alta.is

A1672-004-U02

1 Aðdragandi og tilgangur

Í kjölfar umfangsmikilla skemmda á vatnsleiðslu NSL3 til Vestmannaeyja í nóvember 2023 er vatnsflutningur þangað ótryggur. Fyrirhugað er leggja nýja vatnsleiðslu, NSL4, til hliðar við núverandi leiðslu, NSL3, um 12,5 km leið milli lands og eyja, til að tryggja afhendingu vatns til Vestmannaeyja.

Vegna mistaka er lega núverandi vatnslagnar ekki sýnd á skipulagsupprætti en ný vatnslögn nýtir sömu legu. Hér er lögð fram tillaga um aðalskipulagsbreytingu þar sem lega NSL3 og NSL4 er færð inn á uppdráttinn og samsvarandi breytingar gerðar á greinargerð.

Ítarlegar upplýsingar um framkvæmdina er að finna í greinargerð framkvæmdaraðila með fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar og er hún fylgiskjal með þessari tillögu um aðalskipulagsbreytingu og hluti af henni.

2 Forsendur

2.1 Staðhættir

Allar helstu lagnir frá landi til Eyja liggja um innsiglinguna að Heimaey, sbr. mynd 3.1. Ástæða þess að lagnirnar fara allar um innsiglinguna á þessu svæði er sú að aðkoma frá landi er einföldust þar m.t.t. hafstrauma og landslags ofansjávar og neðan.

Vatnsleiðslur, 5 háspennustrengir VM1 - VM5 og ljósleiðari liggja á sjávarbotni í innsiglingunni. Háspennustrengir VM1 og VM2, eldri vatnsæð og ljósleiðari koma á land við Skansinn. Núverandi (löskuð) vatnsæð NSL3 kemur á land í Skansfjöru. Háspennustrengur VM3 kemur á land í Gjábakka fjöru og liggur þaðan eftir fjörunni að aðveitustöð. Nýjustu háspennustrengirnir (VM4 og VM5, 66 kV) voru lagðir til Eyja sumarið 2025 og koma þeir upp í Gjábakka fjöru en eru leiddir í gegnum hraunið að aðveitustöð.

Í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 er gert ráð fyrir stórskipahöfn í Skansfjöru. Þessi áform hafa ekki verið útfærð en gert ráð fyrir að landtaka vatnslagnar í Skansfjöru sé samrýmanleg áformum um höfn, þótt það kalli e.t.v. á einhverjar breytingar þegar að því kemur.



Mynd 2.1: Skansfjara, að Skansinum.

2.2 Framkvæmdarlýsing

Framkvæmdinni er lýst í greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu, sem er fylgiskjal með þessari tillögu um aðalskipulagsbreytingu og hluti af henni. Áformuð lega nýju vatnslagnarinnar er eins og mynd 2.2 sýnir, hér fyrir neðan.



Mynd 2.2: Áformuð lega nýrra vatnslagnar um innsiglinguna og með landtöku í Skansfjöru.

3 Breytingar á aðalskipulagsgögnum


Breyting þessi á aðalskipulagi nær til þéttbýlisuppdráttar og greinargerðar. Á þéttbýlisuppdrætti er færð inn lega nýrrar vatnslagnar með landtöku í Skansfjöru og lögn á landi þaðan og að Skansinum. Vegna mistaka er lega núverandi vatnslagnar NSL3 ekki á uppdrættinum en NSL4 mun nýta sömu legu. Lína á uppdrættinum eftir breytingu mun því tákna sameiginlega legu vatnslagna NSL3 og NSL4.


Í greinargerð breytast skilmálar fyrir þá landnotkunarreiti sem NSL3 liggur um og NSL4 mun líka liggja um, til að taka af tvímæli um að sú landnotkun sé heimil. Á gildandi þéttbýlisuppdrætti er vatnslögn sýnd greinast í þrennt þegar komið er út fyrir innsiglinguna en sú framsetning er felld niður og lega lagnanna aðeins sýnd að skipulagsmörkum.

Gerður er fyrirvari um að lega lagna og strengja geti vikið hóflega út frá tilgreindri legu á uppdrætti til þess að unnt sé að fella þá betur að landslagi og öðrum innviðum á hönnunar- og framkvæmdastigi. Í þessu samhengi má benda á að raunveruleg lega lagna og strengja sem þegar liggja um innsiglinguna viku nokkuð frá þeirri legu sem sýnd er á uppdrætti.

3.1 Breytingar á þéttbýlisuppdrætti

Myndin til hliðar sýnir með rauðri punktalínu hvar gerðar eru breytingar á þéttbýlisuppdrætti, sbr. myndir á næstu síðu.





Mynd 3.1: Hluti af þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035 fyrir breytingu að ofan og eftir breytingu að neðan, skali 1:15.000. Við breytinguna bætist við nýlega vatnslagna NSL3 og NSL4, sýnd með einu línutákni, með landtöku í austanverðri Skansfjöru og þaðan í fjörinni til vesturs að Skansinum.

- | | | |
|---------------------------------|--------------------------------|-----------------|
| Skipulagsmörk | Samfélagsþjónusta | Rafveita |
| Afþreyingar- og ferðamannasvæði | Vötn, ár og sjór | Ljósleiðari |
| Athafnasvæði | Vegir, götur og stígar | Vatnsveita |
| Efnistöku- og efnislosunarsvæði | Skógræktar og landgræðslusvæði | Fráveita |
| Hafnir | Strandsvæði | Hættumatslína A |
| Iðnaðarsvæði | Sérstök not haf- og vatnssvæða | Hættumatslína B |
| Íbúðarbyggð | Aðrir vegir | Náttúruvá |
| Miðsvæði | Gönguleiðir | Hverfisvernd |
| Óbyggð svæði | Tengivegur | |

3.2 Breytingar á greinargerð

Breytingar á greinargerð Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035 eru tilgreindar hér á eftir:

Óbyggt svæði ÓB-3: Eldfellshraun, Eldfell og Helgafell

Skipulagsskilmálar fyrir breytingu:

Lítt gróið svæði með gígum, hrauni og öðrum gosefnum. Svæðið er að hluta til raskað og hluti þess hefur verið græddur upp. Mikið um slóða og gönguleiðir. Uppgræðslan hefur verið samkvæmt áætlun. Svæðið er nýtt til göngu og útivistar. Nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru eins og kostur er og óheimilt er að gera nýja vegaslóða. Gert er ráð fyrir minnisvarða um eldgosíð í Heimæy árið 1973 ásamt stíg að Eldfelli með lágstemmdri lýsingu og bílastæði með aðkomu að stígnum austan við iðnaðarsvæði I-1. Í deiliskipulagi skulu settir skilmálar um frágang og mótun lands þar sem skilyrði verða sett um að stígar verði afmáðir. Að þessu undanskildu er efnistaka og mannvirkjagerð óheimil. Hluti af svæðinu er á C-hluta náttúruminjasrár.

Eftir breytingu bætist eftirfarandi texti við skilmálana:

Gert er ráð fyrir að um svæðið geti legið háspennustrengir og stofnlagnir vatnsveitu, enda sé legu og frágangi þannig hagað að sem minnst rask hljótist af.

Hverfisverndarsvæði HV-4: Flakkarinn

Skipulagsskilmálar fyrir breytingu:

Lítt gróið svæði með gígum, hrauni og öðrum gosefnum. Svæðið er að hluta til raskað og hluti þess hefur verið græddur upp. Mikið um slóða og gönguleiðir. Uppgræðsla hefur verið samkvæmt áætlunum.

Svæðið er nýtt til göngu og útivistar. Nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru eins og kostur er og óheimilt er að gera nýja vegaslóða.

Efnistaka og mannvirkjagerð er óheimil. Hluti af svæðinu er á náttúruminjasrár.

Heimilt er að leggja háspennustrengi utan flutningskerfis innan hverfisverndarsvæðisins, enda séu þeir lagðir þannig að sem minnst rask hljótist af. Framkvæmdaleyfi skal kynna hag- og umsagnaraðilum.

Eftir breytingu verður síðasta málsgreinin þannig:

*Heimilt er að leggja **stofnæðar vatnsveitu** og háspennustrengi utan flutningskerfis innan hverfisverndarsvæðisins, enda séu þeir lagðir þannig að sem minnst rask hljótist af. Framkvæmdaleyfi skal kynna hag- og umsagnaraðilum.*

Afbreytingar- og ferðamannasvæði AF-3: Skansinn

Skipulagsskilmálar fyrir breytingu:

Fjölsótt útivistarsvæði. Svæðið er hluti af safnasvæði Sagnheima, þar er húsið Landlyst sem er með elstu húsum í Eyjum og stafkirkja sem norska þjóðin gaf Íslendingum í tilefni af 1000 ára afmæli kristni á Íslandi. Þarna er Hringskersgarður og á enda hafnargarðsins er viti. Við hafnarkantinn er bryggja fyrir smábáta. Hraunið í gosinu 1973 stöðvaðist við Hringskersgarð og myndar umgjörð um Skansinn.

Á Skansinum eru veitumannvirki sem eru tengipunktur við vatn og rafmagn sem kemur um lagnir í sjó ofan af fastalandinu.

Eftir breytingu bætist eftirfarandi texti við skilmálana:

Gert er ráð fyrir að um svæðið geti legið háspennustrengir og stofnlagnir vatnsveitu, enda sé legu og frágangi þannig hagað að sem minnst rask hljótist af. Framkvæmdaleyfi skal kynna hag- og umsagnaraðilum og samráð haft við Minjastofnun Íslands.

Sérstök not haf- og vatnssvæða SN-1: Innsiglingin

Skipulagsskilmálar fyrir breytingu:

Svæði frá Klettsnefi að innri höfninni. Svæðið er mikilvægur hluti innsiglingarinnar að innri höfninni. Siglingaleið á að vera greið og aðkoma aðlaðandi. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er.

Eftir breytingu bætist eftirfarandi texti við skilmálana:

Gert er ráð fyrir að um svæðið geti legið háspennustrengir og stofnlagnir vatnsveitu, enda sé legu og frágangi þannig hagað að sem minnst rask hljótist af. Lega strengja taki mið af skipaumferð og framtíðarsýn um uppbyggingu hafnarmannvirkja.

Strandsvæði ST-2: Strandsvæði út af Heimakletti, Miðkletti og Ystakletti

Skipulagsskilmálar fyrir breytingu:

Fjörur og strandsvæði frá áformuðum brimvarnargarði að Urðum. Hluti af ytri höfn Vestmannaeyja skv. reglugerð. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er.

Eftir breytingu bætist eftirfarandi texti við skipulagsskilmálana:

Gert er ráð fyrir að um svæðið geti legið háspennustrengir og stofnlagnir vatnsveitu, enda sé legu og frágangi þannig hagað að sem minnst rask hljótist af.

Strandsvæði ST-4: Strandsvæði út fyrir nýja hrauninu til norðurs

Skipulagsskilmálar fyrir breytingu:

Fjörur og strandsvæði frá áformuðum brimvarnargarði að Urðum. Hluti af ytri höfn Vestmannaeyja skv. reglugerð. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er.

Eftir breytingu bætist eftirfarandi texti við skilmálana:

Gert er ráð fyrir að um svæðið geti legið háspennustrengir og stofnlagnir vatnsveitu, enda sé legu og frágangi þannig hagað að sem minnst rask hljótist af.

Hafnir H-4: Stórskipahöfn í Skansfjöru

Skipulagsskilmálar fyrir breytingu:

Fjörur og strandsvæði frá áformuðum brimvarnargarði að Urðum. Hluti af ytri höfn Vestmannaeyja skv. reglugerð. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi svo sem kostur er.

Eftir breytingu bætist eftirfarandi texti við skilmálana:

Gert er ráð fyrir að um svæðið geti legið háspennustrengir og stofnlagnir vatnsveitu, enda sé legu og frágangi þannig hagað að sem minnst rask hljótist af.

Kafli 5.2.3 Vatnsveita

Við undirkafla um forsendur og áherslur bætist eftirfarandi texti:

Lega stofnæða vatnsveitu er færð inn á aðalskipulagsupprátt en hún getur tekið hóflegum breytingum við nánari ákvörðun á hönnunar- og framkvæmdastigi, til þess að lágmarka rask og fella leguna betur að landi og öðrum innviðum.

Við hönnun og undirbúning stofnæða er framkvæmdaraðila skylt að eiga samráð við eigendur og rekstraraðila annarra innviða, t.d. sæstrengja og ljósleiðara, einkum vegna þverunar. Samráðið leiði til útfærslu sem tryggir að rekstaröryggi annarra innviða verði ekki ógnað. Í umsókn um framkvæmdaleyfi komi fram staðfesting á slíku samráði.

4 Umhverfismat

Framkvæmd sù sem er tilefni þessarar tillögu um aðalskipulagsbreytingu er tilkynningarskyld sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í greinargerð framkvæmdaraðila með fyrirspurn um matsskyldu er framkvæmdinni lýst og umhverfisáhrif hennar metin. Þessi greinargerð er fylgiskjal með þessari tillögu um aðalskipulagsbreytingu og hluti af henni. Til glöggvunar er samantekt umhverfismatsins endurtekin hér:

6.1 Helstu áhrif

Vatnsleiðsla NSL4 verður lögð til hliðar við núverandi leiðslu (NSL3), beint ofan á hafsbötn og með landtöku og tengipunktum annars vegar í Bakkafjöru á Landeyjasandi og hins vegar Skansfjöru í Vestmannaeyjum, á stöðum sem hefur þegar verið raskað vegna NSL3. Einhver gröftur mun verða í fjörum fyrir leiðsluna við báða tengipunkta en grafið verður yfir hana aftur með sama efni. Eldfellshraun, sem nýtur sérstakrar verndar, er við Skansfjöru í Vestmannaeyjum þar sem landtaka er, en ólíklegt er að framkvæmd valdi nokkurs konar raski á hrauninu vegna fjarlægðar tengipunkts frá því auk þess sem gert er ráð fyrir tengingunni við NSL4 nú þegar. Framkvæmdin er talin líkleg til að hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir.

Ekkert vatnsverndarsvæði er á fyrirhugaðri leið vatnsleiðslu NSL4. Vatnsleiðslan kemur ekki til með að þvera straumvötn og ekki er gert ráð fyrir aukinni vatnstöku vegna tilkomu hennar. Ekki er talið líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér hnignun viðkomandi vatnshlota. Því er talið líklegt að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnafar.

Við framkvæmdir vatnsleiðslu NSL4 verður lítils háttar rask á landi sem hefur áhrif á gróður. Framkvæmdasvæði á landi er þó aðallega í lítt grónum fjörum og því talið að líkleg áhrif á gróður verði óveruleg.

Tenging vatnsleiðslu í Bakkafjöru er innan mikilvæga fuglasvæðisins; Suðurlandsundirlendi, og Vestmannaeyjar í heild eru flokkaðar sem mikilvægt fuglasvæði vegna mikilvægra varpstöðva sjófugla. Einnig eru Vestmannaeyjar á B-hluta náttúruuminjaskrár að hluta til vegna sjófuglalífs. Vatnsleiðslan kemur tiltölulega stutt upp á land á þessum svæðum og er landtakan ekki á búsvæði þeirra fugla sem eru lykiltegundir mikilvægu fuglasvæðanna. Helstu áhrif á fugla verða líklega vegna aukins umgangs á framkvæmdartíma. Talið er að líkleg áhrif vegna framkvæmdar á fugla verði óveruleg.

Helstu áhrifaþættir vatnsleiðslunnar á loftslag eru losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu hennar og flutnings til landsins ásamt losun vegna vinnu við framkvæmdir. Á rekstartíma felast áhrifin í orkunotkun við að dæla vatni um leiðsluna, sem eru þó ólíkleg til að aukast að ráði miðað við núverandi ástand. Talið er líklegt að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á loftslag.

Vatnsleiðslan verður til hliðar við núverandi vatnsleiðslu og að mestu neðansjávar. Þar sem grafa þarf skurði fyrir leiðslu verður grafið yfir aftur með sama efni. Því er talið líklegt að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á ásýnd lands.

Vatnsleiðsla NSL4 er nauðsynleg út frá sjónarmiðum almannahagsmuna. Framkvæmdir við vatnsleiðsluna munu skapa tímabundin störf. Á rekstartíma mun leiðslan styðja við afhendingaröryggi neysluvatns fyrir byggð í Vestmannaeyjum og mun hún einnig styrkja atvinnulíf í Vestmannaeyjum, s.s. fiskvinnslu. Framkvæmdin er því talin líkleg til að hafa talsvert til verulega jákvæð áhrif á samfélag í Vestmannaeyjum.

6.2 Mótvægisáðgerðir

Þar sem framkvæmdin kemur til með að hafa óveruleg áhrif á umhverfi er ekki þörf á mótvægisáðgerðum vegna hennar. Gert er ráð fyrir að verklagi við framkvæmdir verði háttað þannig að áhrifum á viðkvæm svæði verði haldið í lágmarki.

6.3 Heildarniðurstaða

Talið er líklegt að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, vatnafar, gróður, fugla, fornleifar, loftslag og ásýnd lands. Þá er talið að framkvæmdin muni líklega hafa talsvert til verulega jákvæð áhrif á samfélag.

Það er mat framkvæmdaraðila að ný vatnsleiðsla til Vestmannaeyja sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

5 Málsmeðferð

Málsmeðferð er í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsing og tillaga á vinnslustigi var kynnt í einu lagi í desember 2025. Umsagnir bárust sem hér segir:

Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun gerðu engar athugasemdir.

Vegagerðin óskaði eftir greiningu á áhrifum framkvæmdarinnar á siglingaöryggi, merkingum framkvæmdasvæðis, skráningu á sjókort og tilkynningum til sjófarenda. Þakkað er fyrir ábendingarnar en þessi atriði koma til álita á framkvæmdastigi.

Náttúruverndarstofnun óskaði eftir því að vera meðal umsagnaraðila og benti á að greinargerð framkvæmdaraðila vantaði sem fylgigagn. Úr þessu verður bætt.

Landsnet og Míla óskuðu eftir frekara samráði um útfærslu framkvæmdarinnar. Landsnet óskaði einnig eftir því að helgunarsvæði háspennustrengja yrðu afmörkuð. Við þessu er brugðist með því að bæta ítarlegri texta við kafla 5.2.3. í aðalskipulagsgreinargerðinni, sjá neðst á bls. 7 hér á undan. Helgunarsvæði eru ekki færð inn, enda er það almennt ekki gert í aðalskipulagi. Hins vegar er ljóst af aðalskipulagsuppdrættinum að fjöldi viðkvæmra strengja af ýmsu tagi liggur um innsiglinguna og að í henni allri þarf því að gæta ítrustu varúðar.

Við auglýsingu tillögunnar eru umsagnaraðilar eftirfarandi:

- Náttúrufræðistofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Hafrannsóknastofnun
- Vegagerðin
- Vestmannaeyjahöfn
- Landsnet
- HS Veitur
- Míla

Gefinn er sex vikna frestur til að leggja inn skriflegar athugasemdir í skipulagsgátt (<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1686>). Þegar frestur til athugasemda er liðinn mun sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun mun hún taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Samþykkt tillaga verður síðan send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Aðalskipulagsbreytingin tekur að lokum gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.